

Reiknistofa bankanna Sjálfbærnistefna

Mars 2022

Efnisyfirlit

1. Reiknistofa bankanna	2
2. Sjálfbærni rammi RB.....	3
3. Umhverfisþættir	5
1. RB að fullu kolefnishlutlaust.....	5
2. Sjálfbær og kolefnishlutlaus gagnaver og skýjaþjónusta.....	6
3. Lágörkun umhverfisáhrifa í rekstri RB.....	7
4. Félagslegir þættir.....	8
1. Velliðan starfsmanna er í fyrirrúmi	8
2. Jafnrétti á vinnustaðnum fyrir alla	9
5. Stjórnarhættir.....	10
1. Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga fyrir hagaðila	10
2. Veita fullkomið gagnsæi í störfum og ákvarðanatöku.....	11
3. Velja birgja og samstarfsaðila sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi.....	11

1. Reiknistofa bankanna

Frá stofnun Reiknistofu bankanna árið 1973 hefur fyrirtækið borið ábyrgð á rekstri grunnstoða greiðslumiðlunar á Íslandi og tryggt að fjármálastarfsemi landsins gangi vel fyrir sig með því að tryggja uppítíma og rekstur á fjölmörgum mikilvægum upplýsingatæknikerfum. Það er hlutverk RB að vera lykilsamstarfsaðili sem skapar virði fyrir viðskiptavinum sína með rekstri og þróun öruggra innviða fyrir fjármálamarkaðinn. Það er sýn RB að vera drifkraftur breytinga og eftirsóttur samstarfsaðili á íslenskum fjármálamarkaði. RB leggur áherslu á að sinna sínum megin verkefnum með sjálfbærni og skilvirkni að leiðarljósi.

Til að RB geti sinnt sínu kjarnahlutverki að reka örugg og trygg upplýsingatæknikerfi fyrir fjármálamarkaðinn á Íslandi þá skiptir lykilmáli að fyrirtækið fjárfesti í og rækta mannauðinn. RB leggur þ.a.l. metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öll kyn með ólíkan menningarbakgrunn. Heilbrigði, vellíðan og jafnrétti á breiðum grunni eru þar lykilatriði og að starfsfólk RB fái tækifæri til þess að vaxa og dafna í starfi.

RB leggur áherslu á umhverfismál í rekstri fyrirtækisins og að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar. Með öruggum, hagkvæmum og umhverfisvænum rekstri stuðlar RB að því að rekstur innviða greiðslumiðlunar á Íslandi sé í fremstu röð.

RB er aðili að Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja og hefur skrifað undir Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar. Þar með hefur RB skuldbundið sig til að mæla, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og greina frá árangri er varða loftslagsmál en einnig að draga úr myndun úrgangs á vegum fyrirtækisins.

Sjálfbærnistefna RB myndar heildstæðan ramma um starfsemina á sviði sjálfbærni. RB birtir árangur sinn árlega í sjálfbærnisráðgjafi samhliða ársuppgjöri fyrirtækisins. Þar er greint frá árangri RB á sviði sjálfbærni út frá alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum Nasdaq um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). RB setur sér mælanleg markmið með tilliti til mikilvægustu sjálfbærnisáhrifa fyrirtækisins sem hafa verið valdir út frá mikilvægis- og hagsmunaaðilagreiningu.

Sjálfbærnistefna RB er leiðarljós fyrirtækisins til framtíðar, með henni varðar RB veginn að sjálfbærum rekstri. Sjálfbærnivegferðin verður ekki gengin á einum degi og það er mikilvægt að starfsfólk og samstarfsaðilar RB viti hvert ferðinni er heitið. Mikilvægt er að stefnan verði lifandi skjal sem taki mið af ört vaxandi þróun í loftslagsmálum og öðrum sjálfbærniþáttum s.s. út frá viðmiðum TCFD og nýjum sjálfbærnireglum ESB (s.s. EU Taxonomy og CSRD). RB mun því reglulega taka þessa stefnu til endurskoðunar og að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

Sjálfbærnistefna RB tekur til allrar starfsemi og starfsstöðva RB.


Stjórn RB samþykkir sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og ber forstjóri ábyrgð á að hún sé innleidd, ásamt því að tryggja að mannauður og aðrar auðlindir séu til staðar til að framfylgja stefnunni. Forstjóri skipar verkefnastjóra yfir málaflokknum hverju sinni og bera framkvæmdastjórar og forstöðumenn ábyrgð á því að starfsfólk framfylgi sjálfbærnistefnu fyrirtækisins. Ofangreindir aðilar bera sameiginlega ábyrgð á því að stefnan sé vel kynnt fyrir helstu hagaðilum fyrirtækisins, s.s. starfsfólki, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og birgjum, svo einhverjir séu nefndir. Sjálfbærnistefnan og árangur út frá markmiðum hennar eru tekin fyrir á stjórnarfundi a.m.k. árlega.

2. Sjálfbærnirrammi RB

RB hefur sett heildstæðan ramma um starfsemina á sviði sjálfbærni út frá greiningu á helstu hagaðilum og þeim þáttum sem eru mikilvægastir í starfsemi fyrirtækisins. Mælanleg markmið eru sett til ársins 2025 með tilliti til mikilvægustu sjálfbærnivísa RB. Árangur er birtur árlega í þar til gerðri sjálfbærni-skýrslu samhliða ársskýrslu fyrirtækisins.

Það er RB mikilvægt að vera eftirsóttur samstarfsaðili og vera til fyrirmyndar í sjálfbærni. Því er mikilvægt að sjálfbærnistefna fyrirtækisins sé gagnsæ og taki mið af þörfum og væntingum hagaðila fyrirtækisins. Sjálfbærnistefna fyrirtækisins byggir m.a. á greiningu á hagaðilum. Borin voru kennsl á sex hópa innri og ytri hagaðila með viðtölum við og á vinnustofum með stjórnendum og starfsfólki fyrirtækisins. Greining hagaðila verður gerð með reglubundnum hætti þegar fram líða stundir þar sem hagaðila hópar og mögulegar kröfur þeirra geta breyst með breytingum í rekstri og á samfélaginu.

Sjálfbærnivísar RB voru greindir út frá hagaðilum og gögnum úr rekstri fyrirtækisins á vinnustofu með starfsfólki og stjórnendum RB. Mikilvægis matrixa RB var gerð að teknu tilliti til krafna hagaðila og áhrifa á RB, út frá umhverfis og samfélagslegum þáttum (sjá mynd 1). Niðurstöðurnar sýna hvaða sjálfbærnivísar eru mikilvægastir fyrir hagaðila RB og kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Niðurstöðurnar eru í formi 17 mikilvægustu sjálfbærnivísa RB sem skipt er niður í fimm áhersluflokka með tilliti til UFS þátta (sjá mynd 2).



Mynd 1. Mikilvægis matrixa RB

Út frá þessum sjálfbærnisum setur RB svo mælanleg og tímasett markmið og er árangur birtur árlega í þar til gerðri skýrslu samhliða árlegu uppgjöri fyrirtækisins.

RB styðst við UFS viðmið Nasdaq á eftirfarandi hátt:

- Umhverfisþættir RB eru greindir og skiptast í tvo áhersluflokka; lágmörkun áhrifa á loftslag og lágmörkun annarra umhverfisáhrifa.
- Félagslegir þættir snúast um áhrif á starfsfólk, birgja, viðskiptavini og samfélagslega snertifleti RB.
- Stjórnarþættir vísa í viðmið fyrir stjórn og framkvæmdastjórn RB, innri stýringu fyrirtækisins og því sem snýr að eigendum fyrirtækisins.
- Félagslegum þáttum og stjórnarháttum er skipt í þrjá áhersluflokka; Öryggi, Starfsfólk og samfélag og Stjórnarþættir sem stuðla að framþróun.

Umhverfisþættir		Félagslegir þættir og stjórnarþættir		
Lágmörkun áhrifa á loftslag	Lágmörkun annara umhverfisáhrifa	Öryggi	Starfsfólk og samfélag	Stjórnarþættir sem stuðla að framþróun
Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna samgangna starfsmanna Losun GHL vegna gagnavera og skýjaþjónustu Losun GHL vegna annarrar þjónustu	Úrgangur - Starfsstöð, raftæki og vélbúnaður Innkaup - Rekstur, hugbúnaður og raftæki Úrgangur og mengun vegna gagnavera og skýjaþjónustu	Gagna- og upplýsingaöryggi Gagnsæi	Jafnrétti Símenntun starfsmanna og þróun Velliðan starfsmanna	Aðgerðir gegn mismunun Siðareglur birgja Siðareglur starfsfólks

Mynd 2. Fimm áhersluflokkar RB í sjálfbærni

3. Umhverfisþættir

Það er RB mikilvægt að lágmarka öll umhverfisáhrif starfseminnar. Hjá RB er lögð rík áhersla á að 100% endurnýjanleg orka sé notuð í öllum vélasölum og gagnaverum. Þá er lögð sérstök áhersla á samgöngur starfsfólks og lágmörkun umhverfisáhrifa í mötuneyti og er markmiðið að minnka kolefnisspor fyrirtækisins enn frekar.

Eftirfarandi eru yfirmarkmið í starfsemi RB út frá umhverfisþáttum:

Umhverfisþættir - Yfirmarkmið til 2025	
1	RB að fullu kolefnishlutlaust
2	Sjálfbær og kolefnishlutlaus gagnaver og skýjaþjónusta
3	Lágmörkun umhverfisáhrifa í rekstri RB

1. RB að fullu kolefnishlutlaust

RB hefur greint umhverfisþætti sem helst hafa áhrif á beina losun RB á gróðurhúsalofttegundum (GHL) og hluta þeirra þátta sem valda óbeinni losun. RB hefur sett sér mælanleg markmið til að draga úr losun vegna þessara þátta. Fyrirtækið stefnir enn fremur að því að gera betur í að kortleggja óbeina losun sína svo hægt sé að draga enn frekar úr losuninni. RB mun kolefnisjafna losun sína á ábyrgan og vottaðan hátt og þannig verða kolefnishlutlaus til lengri tíma. Til að tryggja ábyrga jöfnun og auka gagnsæi mun RB fá óháðan aðila til þess að staðfesta kolefnishlutleysi fyrirtækisins.



Nasdaq UFS leiðbeiningar

E1 E2 E3 E4
E5 E6 E7

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Að 20% af starfsfólks komi með vistvænum hætti til vinnu	Hlutfall starfsfólks sem kemur með vistvænum hætti til vinnu skv. árlegri starfsmannakönnun.
Dregið úr losun vegna flugs um 20% frá 2019	Hlutfall losunar hvers árs miðað við losun vegna flugs á vegum RB 2019
Allir bílar á vegum RB gangi fyrir vistvænu eldsneyti	Hlutfall bíla sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti
Notast við ábyrga / vottaða kolefnisjöfnun	Hlutfall tCO ₂ í losað vs. bundið með vottuðum kolefniseiningum
Nákvæmari mæling á óbeinni losun	Mæling á umfangi 3 skv. GHG Protocol
Sækja vottun/staðfestingu á kolefnishlutleysi	Kolefnishlutleysisvottun gerð af óháðum aðila

2. Sjálfbær og kolefnishlutlaus gagnaver og skýjaþjónusta

RB rekur gagnaver sem notar 100% endurnýjanlega orku. Það er RB mikilvægt að gagnaverin séu rekin með eins sjálfbærum hætti og unnt er. Í gagnaverunum þarf að fylgjast vel með notkun á vara-afstöðvum, huga að hringrás rafeindatækja og fleira. Því mun RB setja sérstaka sjálfbærnistefnu fyrir gagnaverin fyrir árið 2025.

RB nýtir einnig skýjaþjónustu fyrir gögn og hugbúnað og það er fyrirtækinu mikilvægt að slík þjónustufyrirtæki sem RB á í viðskiptum við standist umhverfiskröfur sem fyrirtækið setur fram. Því mun RB leitast við að nota þjónustuaðila sem nota endurnýjanlega orku, huga að hringrásarhagkerfinu í rekstri sínum, hlutleysa kolefnisspor sitt á ábyrgan hátt og greina frá markmiðum og árangri með árlegri skýrslugjöf.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



E1 E2 E3 E4
E5 E6 E7

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
<p>Gagnaver:</p> <p>Setja sjálfbærni/umhverfisstefnu fyrir gagnaver RB</p> <p>Reka gagnaver RB á staðfestri 100% endurnýjanlegri orku</p> <p>Kolefnisjafna notkun díselvéla</p> <p>Förgun á búnaði vélasala fer í ábyrgt ferli</p> <p>Skýjaþjónusta:</p> <p>Kaupa þjónustu af aðilum sem nýta endurnýjanlega orku eins og kostur er</p> <p>Leitast er eftir að kaupa þjónustu af þeim aðilum sem hafa stefnu um innleiðingu hringrásarhagkerfisins</p> <p>Kaupa þjónustu af þeim aðilum sem mæla sitt kolefnisspor, hafa sjálfbærnistefnu og birta sjálfbærnisráskýrslu</p>	<p>Sjálfbærnistefna gagnavera tilbúin fyrir lok 2025</p> <p>Upprunavottorð raforku</p> <p>Losun vegna notkunar á díselvélum og aðkeypt vottuð kolefnisjöfnun á móti</p> <p>Verkferlar til förgunar á búnaði skjalfestir</p> <p>Hlutfall þjónustuaðila sem geta staðfest notkun á endurnýjanlegri orku</p> <p>Hlutfall þjónustuaðila sem hafa stefnu um innleiðingu hringrásarhagkerfisins</p> <p>Hlutfall þjónustuaðila sem mæla sitt kolefnisspor, hafa sjálfbærnistefnu og birta skýrslu um sjálfbærni</p>

3. Lágmarkun umhverfisáhrifa í rekstri RB

RB reynir að draga úr áhrifum sínum á umhverfið í hvívetna. Því ætlar RB að endurskoða innkaupastefnu sína með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. RB mun kaupa umhverfsvottaða vörur og þjónustu þar sem því verður við komið og setja upp birgjamat sem byggir á áherslum RB og eiga samtöl við stærstu birgja fyrirtækisins. Þá verður dregið úr umhverfisáhrifum mótuneytis RB með því að fá til liðs við RB óháðan ráðgjafa sem kemur með tillögur að úrbótum í starfsemi mótuneytisins. Auk þess verður stefna mótuneytisins endurskoðuð með sjálfbærni að leiðarljósi. Auk þess mun RB draga úr prentun um 10% per starfsmann en þegar hefur prentun dregist umtalsvert saman.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



E1 E2 E3 E4 E5
E6 E7

Heimsmarkmið Sp



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Vera með innkaupastefnu sem tekur mið af sjálfbærni	UFS viðmið fyrir birgja Hlutfall þjónustuaðila sem selur sjálfbærni-/umhverfsvottaða þjónustu Hlutfall keyþra sjálfbærni-/umhverfsvottaðra vara fyrir reksturinn
Flokka 85% alls sorps	Hlutfall flokkaðs sorps
Fá tillögur frá óháðum ráðgjafa og endurnýja stefnu mótuneytisins	Endurnýjuð stefna mótuneytis
Draga úr prentun um 10% per starfsmann miðað við 2021	Prentað magn af pappír per starfsmann sem hlutfall af magni 2021

4. Félagslegir þættir

RB tekur samfélagslegar skyldur sínar alvarlega, hvort sem um er ræða í rekstri fyrirtækisins eða út frá virðis_keðjunni. Þetta á við um alla helstu hagsmunaaðila, hvort sem það eru starfsmenn, viðskiptavinir, samstarfsaðilar, birgjar eða aðrir. Áherslur RB gagnvart starfsfólki er að tryggja að því líði vel í vinnunni og að það upplifi sig öruggt á vinnustað, njóti trausts og sannmælis og hefur fyrirtækið sett sér ábyrga og gagnsæja starfsmannstefnu þessu tengt. Þar er m.a. tekið á því ef upp koma tilvik sem ganga gegn áðurnefndum atriðum. Það er einnig mikilvægt fyrir RB að horfa til félagslegra þátta út frá virðis_keðjunni. Fyrirtækið hyggst ekki eiga viðskipti við birgja sem hafa verið viðloðandi hvers kyns mannréttindabrot eins og nútímaþrælkun, barnavinnu, ótryggum vinnuaðstæðum og hvers kyns mismunun.

Eftirfarandi eru yfirmarkmið í starfsemi RB út frá félagslegum þáttum:

Félagslegir þættir - Yfirmarkmið til 2025	
1	Vellíðan starfsmanna er í fyrirrúmi
2	Jafnrétti á vinnustaðnum fyrir alla

1. Vellíðan starfsmanna er í fyrirrúmi

Rekstur RB er undir starfsfólki þess kominn og því leggur RB ríka áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnunni. Skýrir ferlar eru til staðar um hvernig tekið er á einelti eða áreitni og verða þeir ferlar endurskoðaðir með það í hug að gera þá enn skýrari og aðgengilegri fyrir starfsmenn. Þá verða fræðslunámskeið til boða öllu starfsfólki árlega. Mannauðsstefna RB verður endurskoðuð m.t.t. sjálfbærnimarkmiða RB og verða siðareglur RB leiðarljós starfsfólks í allri vinnu og samskiptum.

Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
<p>Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og fordómar eru ekki liðin innan veggja RB og er tekið strax á þeim ef þeir koma upp</p> <p>Skýr og viðeigandi mannauðsstefna</p>	<p>Fræðslunámskeið um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni stendur öllum starfsmönnum til boða árlega</p> <p>Vinnuleiðbeiningar um efnið eru aðgengilegar öllu starfsfólki</p> <p>Endurskoða mannauðsstefnu m.t.t. markmiða í sjálfbærnistefnu RB</p> <p>Hafa mannauðsstefnu sýnilega og hluta af fræðslu starfsfólks</p>

Nasdaq UFS leiðbeiningar



S4 S6 S8 S10
G6

Heimsmarkmið SP



Siðareglur RB eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum

Allt starfsfólk skrifar undir siðareglur við ráðningu

2. Jafnrétti á vinnustaðnum fyrir alla

RB leggur ríka áherslu á að vera vinnustaður þar sem allir eru velkomnir og fá jöfn tækifæri óháð kyni, kynhneigð, menningarlegum bakgrunni eða annað. RB leggur áherslu á að tryggja að allir fái sömu laun fyrir sömu störf og að launamunur úr launagreiningu sé innan skekkjumarka.

Þá er RB mikið hjartans mál að auka hlut kvenna í kerfis- og tölvunarfræði. RB mun áfram leita leiða til að auka hlut kvenna á sviðum tæknireksturs RB og stuðla að aukinni þátttöku kvenna í kerfis- og tölvunarfræði s.s. með fræðslu fyrir ungar konur og samstarfi við skóla á framhalds- og háskólastigi.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



S2 S4 S6

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Jafnari kynjahlutföll í tæknistörfum	Kynjahlutföll í tæknirekstri og í forritunarstörfum
Sömu laun fyrir sömu störf	Útkoma úr launagreiningu. Launamunur kynjanna innan við 1%
Fjölbreyttur vinnustaður þar sem er pláss fyrir alla	Viðhalda góðri mannauðsstefnu þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika meðal starfsmanna. Aðgerðir í samræmi við mannauðsstefnu s.s. starfsauglýsingar
Hvetja til og stuðla að aukinni þátttöku kvenna í kerfis- og tölvunarfræði	Samstarfsverkefni til staðar við skóla á framhalds- og/eða háskólastigi með það að markmiði að auka hlutfall kvenna í kerfis- og tölvunarfræði

5. Stjórnarhættir

Lögð er áhersla á að stjórnarhættir RB séu framúrskarandi og að tryggt sé þeir séu í samræmi við regluverk, alþjóðlega viðurkennd viðmið og bestu starfsvenjur. RB metur mikilvægi fjölbreyttra fulltrúa í stjórninni og kappkostar að koma á og viðhalda jöfnu kynjahlutfalli samkvæmt íslenskum lögum um kynjahlutföll í stjórnnum. RB heldur reglulega skipulagða stjórnarfundi og leggur mikla áherslu á góða stjórnarhætti þegar kemur að stjórnarstörfum í félaginu.

RB beitir háum kröfum um heiðarleika og gagnsæi í viðskiptum á hverjum tíma og er á móti hvers kyns spillingu og leggur metnað sinn í að stunda viðskipti í samræmi við siðferðileg viðmið. RB birtir sjálfbærnisráðgjafu sem tekur mið af alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði og stefnir að því að láta óháðan þriðja aðila (endurskoðanda félagsins) staðfesta þær upplýsingar sem þar koma fram. Í samskiptum RB við birgja verður leitast eftir því að þeir að standi við skuldbindingar sem gerðar eru samkvæmt þessari sjálfbærnistefnu.

Eftirfarandi eru yfirmarkmið í starfsemi RB út frá stjórnarháttum:

Stjórnarhættir - Yfirmarkmið til 2025	
1	Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga fyrir hagaðila
2	Veita fullkomið gagnsæi í störfum og ákvarðanatöku
3	Velja birgja og samstarfsaðila sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi

1. Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga fyrir hagaðila

RB tekur ábyrgð sína um fjármálaöryggi á Íslandi alvarlega og mun tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga með því að fylgja ströngum stöðlum um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og meðferð og umsýslu greiðslukortaupplýsinga.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



G7

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga fyrir hagaðila RB með því að fylgja stöðlum um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og meðferð og umsýslu greiðslukortaupplýsinga	<p>Árlegar úttektir á stjórnkerfi upplýsingaöryggis - ISO 27001</p> <p>Árlegar úttektir á meðferð og umsýslu greiðslukortaupplýsinga - PCI DSS</p>

2. Veita fullkomið gagnsæi í störfum og ákvarðanatöku

RB mun skila sjálfbærniskýrslu árlega og hafa sjálfbærniupplýsingar aðgengilegar hagaðilum. Þá verða sjálfbærni og loftslagsmál tekin fyrir af stjórn RB a.m.k. árlega.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



G8 G9 G10

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Gefa út sjálfbærniskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	Árleg sjálfbærniskýrsla
Setja sjálfbærni og loftslagsmál sem dagskrárlið inn í fundarsköp stjórnar RB	Setja sjálfbærni og loftslagsmál í starfsáætlun stjórnar. Til umræðu a.m.k. einu sinni á ári.

3. Velja birgja og samstarfsaðila sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi

RB mun setja siðareglur fyrir birgja með hliðsjón af UFS viðmiðum RB. Þá mun RB vera í góðum samskiptum við sína birgja um þær siðareglur og kynna þær fyrir þeim í þeim.

Nasdaq UFS leiðbeiningar



G5

Heimsmarkmið SP



Markmið til 2025	Lykilmælikvarðar
Próa og birta siðareglur fyrir birgja	Nýjar siðareglur fyrir birgja
Funda árlega með 10 stærstu birgjum RB og kynna áherslur	Hlutfall stærstu birgja sem talað hefur verið við Hlutfall birgja sem hafa skrifað undir